

## FYRSTU VERÐLAUN

### **Black Beach Lagoon**

Höfundur: Marteinn Möller og Reynar Ottósson

Umsögn dómnefndar: Tillagan er vel unnin og samnýtir á áhugaverðan hátt staðbundnar auðlindir. Tillagan er hvorutveggja í senn frumleg og raunhæf. Gert er ráð fyrir stórauðkinni jarðvarmanýtni og minni sóun. Um er að ræða aðdráttarafl fyrir ferðamenn með samspili sjávar, fjöru og jarðhita í umhverfi þar sem myrkur, norðurljós og íslensk náttúra njóta sín. Auk þess býður tillagan upp á vaxtartækifæri með frekari tengingu við heilsuefningu, vellíðan og íþrótt- og útivistarfólk.

Verðlaun: 1.500.000.-

Nýsköpunarmiðstöð Íslands mun auk þess veita höfundum tillögunnar aðstoð við frekari þróun viðskiptahugmyndarinnar.

Orka náttúrunnar mun einnig bjóða höfundum vinningstillögunnar upp á ráðgjöf frá sérfræðingum Veitna sem er systurfyrirtæki Orku náttúrunnar.

## AUKAVERÐLAUN

### **Hampræktun**

Höfundur: Hinrik Jóhannesson

Umsögn dómnefndar: Tillagan er frumleg og gerir ráð fyrir nýstárlegri nýtingu gróðurhúsa til ræktunar á hampi með fjölbreytta notkunarmöguleika á áframvinnslu s.s. í matvæli, eldsneyti og ýmsan iðnað. Tillagan er heildstæð, býður upp á þverfaglega starfsemi og möguleika á fjölbreyttari atvinnustarfsemi með samfélagslegum ávinningi.

Verðlaun: 500.000.-

Nýsköpunarmiðstöð Íslands mun auk þess veita höfundum tillögunnar aðstoð við frekari þróun viðskiptahugmyndarinnar.

### **Lág gróðurhús og ræktun nýrra tegunda í þeim auk verðmætra afurða í eftirvinnslu**

Höfundur: Hafsteinn Helgason og Efla verkfræðistofa

Umsögn dómnefndar: Tillagan felur í sér nýbreytni í ræktun afurða þar sem sérhæfð gróðurhús nýrrar gerðar nýta lághita jarðvarma. Um er að ræða sveigjanlega og heildstæða tillögu sem getur dregið úr innflutningi matvæla og býður upp á vinnslu sérhæfðra afurða. Gera má ráð fyrir aukinni fjölbreytni í atvinnulífi og jákvæðum samfélagslegum áhrifum.

Verðlaun: 500.000.-

Nýsköpunarmiðstöð Íslands mun auk þess veita höfundum tillögunnar aðstoð við frekari þróun viðskiptahugmyndarinnar.

## Jarðorku eldavélar

Höfundur: Ólafur Ingi Reynisson

Umsögn dómnefndar: Tillagan er áhugavert innlegg í nýtingu jarðvarma þar sem hveraorka er nýtt í margs konar matargerð. Um er að ræða frumlega, raunhæfa og óhefðbundna aðferð við að framleiða og elda matvæli. Tillagan gefur ferðamanninum innsýn í fjölbreytta notkunarmöguleika jarðvarma með sérstöðu íslenskrar náttúru er í aðalhlutverki.

Verðlaun: 500.000.-

Nýsköpunarmiðstöð Íslands mun auk þess veita höfundum tillögunnar aðstoð við frekari þróun viðskiptahugmyndarinnar.

## SÉRSTÖK VIÐUKENNING

### Brennisteinsvetni

Höfundur: Nemendur 9. bekkjar grunnskólans á Hellu

Verðlaun: 50.000.-

Auk þess býður Orka náttúrunnar nemendum í heimsókn í Hellsheiðarvirkjun til að skoða Jarðhitasýninguna.

## AÐRAR TILLÖGUR

Vatnaparadís

Endurvinnsla lífræns úrgangs

Upphitaður flugvöllur við Gullfoss/Geysi

Hot Spring Gardens

Jarðvarmabjór

Fjölpætt nýting

Heilsulón

Gosbrunnatorg með heitu vatni

Regnbogaland

Sólheimar

Jarðvarmatur fyrir raforkuframleiðslu

Varmadætur tengdar við heitavatnskerfið

Jörð og hiti

Rafmagnsframleiðsla úr jarðvarma

Jarðvarmagarður

Guðlaugur Ingi Hauksson

Mundi

Ólafur Bjarnason

Sigurvin Ólafsson

Ölverk

Jónas Bragi Hallgrímsson

Rúnar Lárusson

Efla

Baldur Garðarsson

Ólafur Jónsson

Sveinn Gauti Einarsson

Borgþór Helgason

Nicklas Dalström

Ragnar Sær Ragnarsson

Unnur Ágústa Sigurjónsdóttir og

Ragnar Sær Ragnarsson

